Háskólakórinn

Tónleikar Háskólakórsins í Félagsstofnun stúdenta 22. mars.
Stjórnandi: Árni Harðarson.
Efnisskrá: Gaudeamus igitur; íslensk þjóðlög í útsetningum Jónasar Tómassonar (eldra); Jónas Tómasson (yngri): Cantata V; Íslensk þjóðlög í útsetningum Hjálmars H. Ragnarssonar; Árni Harðarson: Spjótalög; Kjartan Ólafsson: Raddir á daghvörfum.

Tónlist

EYJÓLFUR MELSTED

Háskólakórinn hélt vortónleika sína í Félagsstofnun stúdenta um helgina næstu fyrir páska en var búinn að flytja þá á Norðurlandi áður. Efnisskráin var alíslensk og fyrri hluti hennar að mestu ísfirskur því að verk alnafnanna Jónasa Tómassona, eldra og yngra, og Hjálmars Helga Ragnarssonar fylltu hann auk Spjótalaga söngstjórans Árna Harðarsonar.

Þjóðlagaútsetningar Jónasar Tómassonar eldra bera glöggt vitni reynslu hans af kórstjórn og þekkingu hans á þörfum söngfólksins fyrir að fá að vera af og til í leiðandi stöðu. Jónas hafði einstakt lag á að leyfa liðsmönnum hverrar raddar að fá að leiða um stund án þess að raska í neinu heildarsamræmi lagsins. Þannig vinna aðeins þeir sem vita hve miklu mikilvægari söngleðin er kunnáttunni hjá fólki sem þjónar sönggyðjunni ánægjunnar einnar vegna.

Gamlir kunningjar

Síðan komu gamlir kunningjar. Íslensk þjóðlög í útsetningum Hjálmars Ragnarssonar eru gott dæmi þess að hægt sé að sýna dirfsku og brydda upp á nýbreytni án þess að ganga í berhögg við hefðir – að segja, hafi menn til þess kunnáttu og hugkvæmni. Það var vel til fundið hjá kórnum að rifja upp atriði úr stjórnandatíð Hjálmars Helga með þessum hætti en hann hefur að öðrum ólöstuðum gert meira fyrir kórinn en nokkur annar til þessa.

Cantata V og Spjótalög eru einnig gamlir kunningjar. Bæði eru verkin samin við ljóð úr Spjótalögum á spegil eftir Þorstein Jónsson frá Hamri. Kórinn skilaði sínu mjög vel, öruggur á erfiðum stefjum og naut þess að fá að syngja þessi fersku verk aftur. Að mínu viti er það góð stefna að halda nýjum verkum inni á efnisskrá í nokkur skipti og láta hana endurnýjast þannig smám saman. Kemur það bæði flytjendum og höfundi til góða og kynni að festa ný verk betur í sessi.

Merki framsækninnar

Kjartan Ólafsson er eitt hinna ungu tónskálda sem menn vænta mikils af. Hann stundar framhaldsnám í Hollandi en hefur þegar sent frá sér athyglisverð verk. Það er ekki í lítið ráðist að semja lagabálk við Þjóðsagnakvæði Hannesar Péturssonar. Hættan er að lögin verði hvert öðru of lík en þó má sundurlyndis ekki gæta nema í hófi. Kjartan sýndi hér að honum miðar vel. Hann hélt uppi ákveðinni seiðmögnun og dularfullum blæ með mismunandi glisandotilbrigðum – eins konar eigin galdralagi sem gekk meira og minna gegnum lögin öll. Bálkurinn hafði heildstætt yfirbragð en þó nýtur hvert lag eigin sjálfstæðs svips og ber með sér hugblæ hvers ljóðs. Kórinn söng mjög vel. Hann kunni allt upp á sína tíu fingur að venju, sem út af fyrir sig er afrek þegar um svo erfiða músík er að ræða. Hann er í góðum höndum Árna Harðarsonar sem heldur merki framsækninnar hjá þessum eina listasprota Háskólans á lofti.

EM



Háskólakórinn.

Snoturlegt landslag

Myndlist

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Katrín H. Ágústsdóttir er þekkt fyrir framlag sitt til batíklistar. Henni er fleira til lista lagt, m.a. hefur hún gert og sýnt vatnslitamyndir sem hlotið hafa góðan hljómgrunn meðal þeirra sem séð hafa.

Undanfarið hafa vatnslitamyndir Katrínar hangið uppi í vesturgangi Kjarvalsstaða, sem er ekki besta sýningarlókal í bænum en gerir þó sitt gagn.

Þetta eru snotrar myndir og þekkilegar af upplifunum úti í náttúrunni. Katrín hefur minni áhuga á víðáttum landsins en hinu afmarkaða og smágerva, árbakka, nokkrum hnullungum, fjallskriðu eða moldarbarði.

Hún dregur upp myndir sínar með löngum og mjóum strokum uns þær virðast sem ofnar í pappírinn. Þetta er svolítið sérkennileg tækni og kannski óþarflega varfærnisleg.

Í allra nýjustu myndum sínum er Katrín hins vegar dirfskulegri, kompónerar með stærri flötum og tengir þá betur saman.

Með frekari áhættu ætti listakonan að geta uppskorið enn meira en hún gerir.

-ai



Katrín H. Ágústsdóttir.

Myndlistarlimbó

Það sem er og það sem maður sér er ekki eitt og hið sama. Þessi meðalhaspeki fær byr undir báða vængi við skoðun á sýningu Valtýs Péturssonar að Kjarvalsstöðum. Valtýr er, eins og alþjóð veit, myndlistarmaður með næstum fjörtíu ára feril að baki, Septembermaður í mannsaldur og krítíker í jafnlangan tíma.

Allt síðasta ár var Valtýr síðan á heiðurslaunum Reykjavíkurborgar við að mála myndir sínar.

Það er síðan erfitt að koma þeirri vitneskju heim og saman við þau verk sem maður sér á sýningu hans.


Valtýr hefur nú endanlega snúið baki við hinum óhlutbundna stórasannleika, það vitum við. Hins vegar verður ekki af verkum hans ráðið að hann hafi fundið sér kjölfestu annars staðar í listinni.

Hann málar hús, skip og landslag eins og hann hafi aldrei séð þessi fyrirbæri. Þau lúta engum lögmálum, hvorki hlutveruleikans né málverksins, heldur hrærast í einhvers konar myndlistar-limbó.

Leikfangakubbar

Teikning er annað tveggja, of stíf eða of slöpp, svo hús verða að leikfangakubbum og hafið að hræringi. Litir eru stríðir og berjast innbyrðis, þannig að myndir gliðna í sundur fyrir augum okkar.

Sumar þeirra eru svo illa samstilltar í litum að þær verða beinlínis kómískar: fjöll og haf mynda ekki eðlilegt mótvægi við það sem gerist í forgrunni, húsin eða bátana, heldur hanga yfir þeim eins og sverð Damoklesar.



Valtýr Pétursson - Málverk, 1985

Það er eins og málaranum takist ekki að fá verk sín til að ganga upp, nema með tilvitnunum í aðra listamenn: Kjarval og Jón Stefánsson í landslagsmálverkum, Gunnlaug Scheving, kannski einnig Einar Baldvinsson í húsa- og bátamyndum, Matisse og Braque í uppstillingum og innimyndum.

Myndlist

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Þessi föng eru heldur ekki samræmd, vaxa ekki saman við vitund Valtýs, heldur vekja þau ævinlega athygli á uppruna sínum.

Tvær myndir

Þau ná heldur ekki að draga fjöður yfir þá agnúa sem nefndir eru hér á undan, agnúa sem venjulegast eru slípaðir af myndlistarnemum meðan þeir eru í skóla.

Sem betur fer leynist löngun til einföldunar einhvers staðar innra með listamanninum.

Sú löngun hefur getið af sér tvær bestu myndir sýningarinnar, Keili (nr.49) og Rauðan jökul (nr.55). En þær eru bara tvær á móti áttatíu og tveimur.

Það má draga ýmsar ályktanir af því sem maður sér á þessari sýningu, meðal annars þær að heiðurslaun tryggi ekki heiðarlega myndlist.

-ai